

Fundargerð
334. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 14. desember 2016, kl 16.00 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Beiðni um samþykki stjórnar fyrir prókúru fyrir Sigríði Ríkharðsdóttur
4. 50 ára afmæli SLFÍ, yfirferð
 - Ráðstefnan
 - Móttakan
 - Saga félagsins
 - Nýi fáninn
 - Viðurkenningar/heiðranir
 - Áætlaður kostnaður
5. Viðurkenning til stjórnanda ársins
6. Lífeyrismál
 - [Erindi fjögurra félaga innan BSRB](#)
 - [Álit Gísla Tryggvasonar](#)
 - [Fylgigögn](#)
 - [Nýtt frumvarp](#)
 - Framhald á málinu
7. Kjaramál
 - Starfsmat hjá Reykjavíkurborg
 - Starfsmati lokið og niðurstöðufundur verður í janúar
 - Stofnanasamningar
 - Undirritaðir hafa verið nýir stofnanasamningar við eftirtalda aðila:
 - ✓ *Landspítala 2016 og 2017*
 - ✓ *Heilbrigðisstofnun Vesturlands 2016*
 - ✓ *SAK Akureyri 2016*
 - ✓ *Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu 2016*

- Viðræður eru í gangi við:
 - *Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis*
 - *Heilbrigðisstofnun Austurlands*
 - *Heilbrigðisstofnun Norðurlands*
 - *Heilbrigðisstofnun Suðurlands*
 - *Heilbrigðisstofnun Suðurnesja*
 - *Heilbrigðisstofnun Vestfjarða*
 - *Sólvang*
 - *Reykjalund*
 - *Sjúkratryggingar Íslands*
 - *Barnaverndarstofu*
- Eftir að hafa samband við:
 - *Spoex*
 - *MS Setrið*
 - *Ás styrktarfélag*
 - *FAAS*
 - *Skálatún*
 - *Skólastofnanir?*

8. Öryggislistar fyrir árið 2017

9. Erlend samskipti

- Væntanlegur EPN fundur þann 31. jan. til 3. feb. 2017.
- Upplýsingar frá Sigurlaugu um stöðu mála innan EPSU.

10. Svar Persónuverndar við spurningu SLFÍ um leyfi LSH til að safna heilsufarsupplýsingum um starfsmenn

- [Sjá fylgiskjal](#)

11. Jólstyrkur

12. Útgáfa og dreifing

- Sjúkraliðið
- Vaktabókin
- Kjarasamningur
- Félagatalið
 - Er í vinnslu

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta funda

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

1. Beiðni um samþykki stjórnar um prókúru/umboð fyrir Sigríði Ríkharðsdóttur að bankareikningum félagsins

Fram kom að nauðsynlegt sé að fleiri en skrifstofstjóri SLFÍ hafi umboð/prókúru á bankareikninga félagsins. Ákveðið var að Sigríður fái umboð/prókúru og gengið verður frá því.

2. 50 ára afmæli SLFÍ

Rætt var um hvenig til hafi tekist með viðburðina í tilefni af hálfraaldar afmæli SLFÍ. Allir sammála um að ráðstefnan hafi verið til fyrirmyndar og móttakan hafi tekist mjög vel og þ.m.t. heiðrunin og viðurkenningarnar. Fram kom að afmælisnefndin stóð mjög vel að öllu varðandi ráðstefnuna og afmælishátíðina.

Rætt var um uppgjör vegna sögu félagsins og félagatalsins og ákveðið að KÁG og GÖG ræði við söguritara um greiðslufyrirkomulag.

Saga félagsins er í sölu og fer rólega af stað.

Nýi fáni félagsins var ræddur og ákveðið að Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari félagsins ræði við milliliðinn á gerð hans og sýni þeim hvað betur mætti fara.

Áætlaður kostnaður af afmælishátíðarhöldunum. Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri félagsins fór yfir kostnaðinn og gerði grein fyrir að hann hafi verið á áætlun.

3. Viðurkenning til stjórnanda ársins

GÖG fór yfir að deildarstjóri Barna og unglingsgeðdeildar hafi orðið fyrir valinu sem stjórnandi ársin 2016. Aðdragandinn var frekar skammur þ.s. ekki náðist að senda út áminningu á trúnaðarmenn um valið vegna mikilla anna á skrifstofu SLFÍ.

Upplýsingar um þennan góða yfirmann bárust félaginu á síðasta ári og af fundi á LSH þ.s. unnið var með uppfærslu starfslýsinga. GÖG hafði samband við alla sjúkraliðana sem starfa undir stjórn deildarstjórans þ.s. fram kom að um væri að ræða fyrirmyndar stjórnanda þ.s. sjúkraliðar blómstra í starfi og nýta menntun sína og hæfileika að fullu. GÖG og Elías Snæland Jónsson fóru á BUGL og ræddu við stjórnandann og sjúkraliða og birtist viðtalið í desemberblaði Sjúkraliðans.

4. Lífeyrismál

KÁG gerði grein fyrir að fjögur félög innan BSRB, Landssamband lögreglumanna (LL), Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSOS), Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ) og Tollvarðafélag Íslands (TFÍ) hafi unnið greinargerð upp úr lögfræðialiti Gísla Tryggvasonar (GT) hdl. og sent á forustu BSRB, BHM, KÍ, þingmenn og fjölmiðla [Erindi fjögurra félaga innan BSRB](#). GT hefur rætt álitnið í fjölmiðlum og fulltrúar félaganna fóru á fund Efnahags og viðskiptanefndar alþingis, þar komu félögin skoðunum sínum á framfæri.

Fram kom að álit GT [Álit Gísla Tryggvasonar](#) færir rök fyrir því að lífeyrisréttindi séu ígildi kjarasamningsbundinna réttinda og um skerðingar/breytingar á slíkum réttindum eigi að fara fram allsherjar atkvæðagreiðsla. [Fylgigögn](#)

Samkvæmt heimildum félaganna liggur fyrir lítið breytt lagafrumvarp um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Í því er m.a. gert ráð fyrir að greiðslur til félagsmanna geti lækkað ef illa árar (stjórn sjóðsins vinnur eftir samþykktum sem hægt er að breyta ef þurfa þykir) og að starfsaldur verði lengdur hjá öllum greiðendum sem ekki eru, eða verða 60 ára á þessu ári. Miðað við þessar upplýsingar þá telur stjórn SLFÍ það ekki standast skoðun að eignaréttur greiðenda verði varðveittur.

5. Kjaramál

- Rætt var um að starfsmatsviðtölum hjá Reykjavíkurborg hafi lokið í byrjun nóvember, en fyrir liggur að niðurstöður viðtalanna (starfsmatið) berast ekki fyrir en 10. janúar.
- Mikil vinna hefur verið að undanfögnu í uppfærslu stofnanasamninga á öllu stofnunum ríkisins og stofnunum sem fylgja þeim samningum. Búið er að ganga frá stofnanasamningum við HVE, LSH, SAK og SFV. Eins og áður hefur komið fram hefur uppfærslan gengið misvel. Erfiðlega gengur að semja við þær stofnanir þ.s. fylgja á eftir bókunum frá síðustu uppfærslu stofnanasamninga, þ.s. bókað var að inn í stofnanasamning þeirra stofnana kæmi ákvæði um sérstaka röðun fyrir sjúkraliða í heimahjúkrun. Þær stofnanir sem eiga eftir að færa slíkt ákvæði inn í samninginn eru HSU, HSS og HSA, en HSA er þó með framkvæmdastjórnar samþykkt fyrir ákveðinni lágmarksröðun í heimahjúkrun. Samningar við Sólvang, HH, HVEst, Sjúkratryggingar, Barnaverndarstofu, Reykjalund og HSN eru í vinnslu og þokast áfram. Enn hefur ekki verið haft samband við Ás styrktarfélag, Skálatún, FAAS, MS setrið, SPOEX og skólastofnanir.
- Fundur var í dag um yfirtöku Hrafnistu á Ísafold hjúkrunarheimili í Garðabæ. Á því heimili eru sjúkraliðar á kjarasamningi sveitarfélaga. Fram kom á fundinum að við yfirtökuna verði höfð hliðsjón að aðildaskiptalögunum.

6. Öryggislistar/verkfallslistar

KÁG fór yfir að vinna við öryggislista frá stofnunum væri í fullum gangi, þ.s. fulltrúar SLFÍ gera athugasemdir við mönnun á deildum/stofnunum ef til verkfalls kemur.

7. Erlend samskipti

KÁG fór yfir að fundur yrði hjá EPN 31. janúar til 3. febrúar í Noregi. Sigurlaug fór yfir það sem er efst á baugi hjá EPSU á næstu vikum og mánuðum og gerði grein fyrir að mjög áhugaverðir hlutir/umræður eru í gangi á vegum EPSU. Umræður voru um þátttöku félagsins og rætt um að einhverjir atburðir sem jafnvel væri nauðsynlegt að taka þátt í. Ákveðið að opnuð verði mappa á skýinu þ.s. gögn sem varða EPN verða vistuð.

8. Svar Persónuverndar við fyrirspurn frá SLFÍ um leyfi LSH til að safna heilsufarsupplýsingum um starfsmenn stofnunarinnar.

Í svarinu frá Persónuvernd er því haldið fram að LSH hafi leyfi til að safna upplýsingum um heilsufar starfsmanna með leyfi frá þeim og takmörkun á aðgangi að

upplýsingabankanum og vitnað er í meðalhófsregluna og heimildina í lögum nr. 77/2000 til að safna þessum upplýsingum. [Sjá fylgiskjal](#)

9. Jólstyrkur

Ákveðið var að KÁG og BÓ finni hvaða aðila eigi að styrkja þetta árið.

10. Útgáfa

GÖG fór yfir að Sjúkraliðinn, Vaktabókin og kjarasamningurinn við SNS væru komin úr prentun, plöstun, á leið í pökkun og færu saman í einum pakka í dreifingu fyrir jólin. Útbúnir voru sértækir nafnalistar þannig að þeir sem starfa hjá sveitarfélögunum fá blað, bók og samning.

Önnur mál

- Rætt var um þátttökukostnað formanna deilda SLFÍ í afmælishátíð félagsins. Málið verður skoðað nánar.
- Rætt var um bjóða upp á leigubíl frá flugvelli á trúnaðarmannaráðsfund og fulltrúafing. Þetta verði gert á þann máta að samnýta stóran leigubíl.

Fundi slitið kl. 17.50